



Inngangur

Verkefnið *Okkar mál*, samstarf um menningu og læsi í Fellahverfi, hefur verið í gangi frá árinu 2012. Haustið 2017 urðu kaflaskil innan *Okkar máls* samstarfsins þegar talmeinafræðingarnir Bryndís Guðmundsdóttir hjá Raddlist ehf. og Tinna Sigurðardóttir hjá Tröppu ehf. komu inn í verkefnið með áttak í málproska og hljóðkerfisþáttum í leikskólunum Ösp og Holti. Fellaskóli kom inn í samstarfið haustið 2018 þar sem lögð var áhersla á eftirfylgni 6 ára nemenda sem komu inn í fyrsta bekk. Í upphafi skólaárs voru sett upp nákvæm markmið fyrir veturinn ásamt starfsáætlun. Lagt var upp með að talmeinafræðingarnir kæmu reglubundið inn í starfið með nemendum, talþjálfun á vegum Sjúkratrygginga Íslands yrið einn dag í viku, auk fræðslu og eftirfylgni í skólastarfinu öllu.

Verkefnislýsing

Undirbúningur hófst strax vorið 2018 með samráðsfundum við stjórnendur og Bryndísi Snorradóttur deildarstjóra yngsta stigs. Í september hófst starfið formlega með heimsókn í Fellaskóla. Skoðað var efni til málörvunar sem skólinn átti til og skráning gerð á málörvunarefni sem vantaði til að nýta sérstaklega með 1. bekk. Áður höfðu verið settar upp 2ja vikna áætlanir í senn fyrir skólastarfið veturinn 2018/19. Talmeinafræðingarnir hlutuðust til um sérstök tilboð frá umboðsaðila málörvunarefnisins með vísan í mikilvægi verkefnisins og tengingu við *Okkar mál*. Nákvæm markmið voru sett upp og skráning á efni (spil, verkefni og fl.) sem skyldi nota innan hvers tímabils í samræmi við markmið. Áhersla var á orðaforðabætur, hugtakaskilning, málfræðipætti (réttar fallbeygingar í setningum og frásögnum), bókstafi og hljóð og hljóðkerfisvitund í átt að læsi. Jafnframt fylgdi fjöldi tengdra verkefna í verkefnislýsingu sem miðaði að því að börnin næðu hámarksframförum í íslensku. Þann 10. September 2018 var haldinn foreldrafundur fyrir foreldra barna í 1. bekk þar sem farið var yfir markmið verkefnisins ásamt öðrum þáttum sem tengjast skólastarfinu. Foreldrar fengu fræðslu um málproska, mikilvægi orðaforða og læsi. Þá var lögð áhersla á ábyrgð foreldra við að efla málproska barna sinna og að heimalestri væri vel sinnt. Þá var haldin kynning á verkefninu fyrir starfsfólk Fellaskóla í febrúar 2019.

Framkvæmd

Nemendur í 1. bekk voru í upphafi 26 en við lok skólaárs 23. Þeim var skipt í tvo bekki. Þar af eru 18 nemendur sem eiga foreldra af erlendum uppruna og eiga annað móðurmál en íslensku, eða 78% nemenda. Kennarar voru Hrafnhildur B. Guðjónsdóttir og Hildur Björk Þorsteinsdóttir. Hildur Björk fór í veikindaleyfi um áramót og við tók Anna Margrét Óskarsdóttir kennari. Kennarar unnu reglubundið allan veturinn markvisst með áherslur verkefnisins, auk þess sem K- Pals vinna fór reglubundið fram. Að hausti var Hlíf Brynja Baldursdóttir ráðin verkefnisstjóri læsis í Fellaskóla. Brynja kom kröftuglega inn í starfið með 1. bekk og hélt utan um ákveðna þætti í samstarfi við talmeinafræðingana. Þá fóru 52%



barnahópsins (12 börn) í talþjálfun einu sinni í viku hjá Jónínu R. Ingimundardóttur talmeinafræðingi í teymi BG og Tinnu.

Bryndís og Tinna höfðu að jafnaði viðveru á miðvikudögum allan veturinn. Börnin hittu þá talmeinafræðing 2-4 saman þar sem unnið var með mismunandi verkefni sem styðja við málþroska og læsi. Stuðst var við markmið tímabilsins hverju sinni og keppst við að veita nemendum kost á að þjálfa sig í læsi, skilningi og máltjáningu. Nemendur voru verðlaunaðir í lok tíma með límmiða, stimpli eða strokleðri. Í lok vetrarstarfsins í júní 2019 fengu allir nemendur viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna með hvatningarorðum um frábæran árangur, jákvæðni og gleði. Talmeinafræðingar höfðu einnig viðveru á foreldradegi í janúar 2019. Foreldrar fengu stutta kynningu á verkefninu og rætt var um þeirra barn og mikilvægi málörvunar og læsis við þetta tækifæri. Túlkar voru með þar sem þurfti.

Kynning á verkefninu ásamt Helgu Ágústsdóttur verkefnisstjóra Okkar máls, fyrir kennara í Fellaskóla var haldin í febrúar 2019.

Starfsfólk frístundar sóttu námskeið um málþroska og læsi hjá Bryndísi í september 2018.

Hópastarf - Hringekja

Í hópastarfi var sett upp hringekja þar sem unnið var í samræmi við markmið. Sjá fylgiskjöl. Öllum nemendahópnum var skipt upp eftir getu í íslensku og byrjendapáttum í læsi og fóru allir hóparnir á milli stöðva þar sem unnið var með málþroska á mismunandi stöðvum.

Brynja Baldursdóttir og Helga Ágústsdóttir héldu utan um hringekju ásamt umsjónarkennurum, Hrafnhildi B. Guðjónsdóttur og Önnu Margréti Óskarsdóttur. Á vordögum stofnaði Anna Margrét kór fyrir börnin sem er einstaklega jákvætt framtak og mun vonandi lifa áfram.

Talþjálfunin: Í vetur fengu 12 nemendur reglubundna einstaklingstíma í talþjálfun með greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands. Jónína R. Ingimundardóttir talmeinafræðingur sá um þá þjálfun. Helga Ágústsdóttir verkefnisstjóri Okkar máls hafði umsjón með beiðnum um talþjálfun en hún var í góðu samstarfi við Heilsugæsluna í Efra Breiðholti. Læknar og hjúkrunarfólk á Heilsugæslunni sendu beiðnir um talþjálfun eftir greiningar BG og Tinnu talmeinafræðinga. Eftir ákveðinn skiptafjölda sáu talmeinafræðingar um að biðja um fleiri tíma fyrir nemendur með greinargerð til Sjúkratrygginga Íslands.

Fjöldi barna í talþjálfun 2018/2019	Fjöldi tíma	Dreifing tíma pr. barn
12	243 skipti	2 - 26 skipti á nemanda



Mælingar og niðurstöður:

Mikilvægt er að meta og mæla árangur og framfarir í verkefninu. Stöðluð próf sem hafa verið lögð fyrir íslenska nemendur um árabíl hafa sýnt stöðugar framfarir nemenda. Próf sem lögð voru fyrir:

Próf	Fyrirlögn	Áherslur mælitækja
Leið til læsis	Tvisvar yfir veturinn	Bókstafaþekking, hljóðkerfisvitund og málskilningur
BOEHM - niðurstöður	Fyrirlögn að hausti	Orðaforðaþróun
Lesfímiviðmið	Þrisvar yfir veturinn	Lesfimi: fjöldi atkvæða á mín
Milli mála	Fyrirlögn að hausti	Próf ætlað nemendum með fleiri en eitt tungumál

Niðurstöður Lesfímiviðmiðs sýna markverðar og umtalsverðar framfarir. Einnig mældust framfarir milli fyrirlagna á Boehm og Leið til læsis - sjá myndir í viðauka.

Milli mála var einnig lagt fyrir en því miður gætti misskilnings varðandi fyrirlögn og var prófið ekki lagt fyrir samkvæmt kröfum.

Umræður

Framkvæmd verkefnisins tókst í heildina mjög vel. Vel skipulögð tímasett áætlun skilaði markvissum vinnubrögðum til góðs fyrir nemendur. Almenn ánægja er á meðal samstarfsaðila með samstarfið og verkefnið. Tölur sýna umtalsverðar framfarir nemenda í læsi milli mælinga. Nemendahópurinn frá leikskólunum Ösp og Holti kom betur undirbúinn til skólagöngu haustið 2018 heldur en verið hefur síðustu ár. Það má m.a. rekja til þess að nemendur tóku þátt í Okkar máls átakinu frá hausti 2017. Auk þess hafa nemendurnir haldið áfram að ná markverðum framförum í vetur með því góða utanumhaldi og mikla stuðningi sem í boði hefur verið. Það er mat aðstandenda verkefnisins að samvinna aðila hafi gengið mjög vel og samkvæmt áætlun.

Frístundastarfsmenn fengu heilt námskeið að hausti hjá talmeinafræðingi en ljóst er að það er ekki nóg til að stýra og skipuleggja málörvunarstarf í Frístund. Það eru töluverð sóknarfæri í að skipuleggja Frístundina m.t.t. málörvunar og íslenskunáms. Afar mikilvægt er að verkefnið nái til allra anga skólastarfsins, þ.m.t. frístundastarfs þar sem börnin dvelja



drjúgan tíma dagsins. Þá þarf að huga vel að aðbúnaði frístundar m.a. með tilliti til hljóðvistar og skipulags rýma.

Prófið Milli mála er próf sem er sérstaklega ætlað fjöltyngdum börnum. Því miður gætti misskilnings við fyrirlögn prófsins og eru niðurstöður því vart marktækar. Æskilegt væri að prófið yrði lagt fyrir næsta haust fyrir sama hóp nemenda þegar þeir byrja í 2. bekk.

Lokaorð - Lengi býr að fyrstu gerð

Okkar máls- átaksverkefnið staðfestir að með markvissum vinnubrögðum er hægt að breyta stöðu barna og veita þeim forskot á læsi. Það kostar engu að síður mikla vinnu margra fagaðila sem með samstilltu átaki mæta þörfum barna sem læra íslensku sem annað mál. Mikilvægt er að sinna íslenskunámi barnanna áfram af sama krafti og metnaði sem gert hefur verið síðasta vetur. Lengi býr að fyrstu gerð. Þær framfarir sem orðið hafa á málþáttum þarf að túlka í samræmi við mælingar fyrri ára. Mikill árangur hefur náðst og halda þarf vel á spöðunum til að árangur haldist og verði viðvarandi á milli aldurshópa.

Undirritaðar þakka stjórnendum, kennurum, verkefnastjórum og öllum viðkomandi aðilum kærlega fyrir samstarfið í vetur.

Reykjavík á hvítasunnu 9. júní 2019

Bryndís Guðmundsdóttir
Tinna Sigurðardóttir

Afrit:
Fellaskóli, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttur skólustjóri
Helga Ágústsdóttir verkefnisstjóri Okkar máls